

Nd.

356. Frumvarp til laga

[54. mál]

um breyting á lögum nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Við 53. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Bæjar- og sveitarfélög öðlast rétt til ríkisframlags til bygginga sinna, ef þau fullnægja þessum skilyrðum:

1. Fræðslumálastjórnin hafi samþykkt uppdrætti að húsinu, áður en hafizt er handa um byggingu.
2. Skólalóðin sé fullnægjandi að dómi fræðslumálastjórnarinnar og eign skólahverfisins eða afnotarétturinn tryggður því með óuppsegjanlegum samningi.

Framlag ríkisins greiðist eftir því, sem fé er veitt til þessara framkvæmda í fjárlögum, og í því skiptingarhlutfalli, er fræðslumálastjórnin ákveður milli hinna einstöku byggingaraðila hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.